

Réttarholtsskóli  
b.t. Margrétar Sigfúsdóttur skólastjóra  
Réttarholtsvegi 21-25  
108 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2021.

**EFNI: Umsögn um stofnun einhverfudeildar við Réttarholtsskóla.**

Stjórn Foreldrafélags Réttarholtsskóla vísar til erindis yðar, dags. 11. þessa mánaðar, þar sem óskað er eftir umsögn foreldrafélagsins um fyrirhugaða stofnun sérdeildar við skólann fyrir nemendur með einhverfu. Með erindinu fylgdi beiðni Soffíu Vagnsdóttur, skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskóla Reykjavíkurborgar, þar sem óskað er eftir því að stofnun deildarinnar verði tekin til umræðu í skólaráði og stjórn foreldrafélags skólans. Í erindinu kemur fram að nemendur með einhverfu úr Hvassaleitis-skóla muni njóta þjónustu deildarinnar.

Erindi yðar hefur verið rætt innan stjórnar foreldrafélagsins. Það er álit stjórnarinnar að stofnun deildarinnar feli í sér jákvætt skref fyrir nemendur skólans að því tilskildu að henni fylgi nægilegt fjármagn. Stjórnin leggur jafnframt áherslu á að skólinn beiti sér fyrir því að starfsmenn hans leiti sér þekkingar og kynni sér reynslu þeirra skóla þar sem vel hefur tekist til með stofnun sambærilegra deilda. Með því móti aukast líkurnar á því að sú þekking sem verður til innan deildarinnar nýtist ekki aðeins starfsmönnum hennar og þeim nemendum sem henni er ætlað að sinna heldur skólanum í heild sinni.

Í samtali undirritaðs við yður kom fram að gert væri ráð fyrir að nemendum með einhverfu við deildina myndi fjölga á komandi árum. Vegna þessa leggur stjórn foreldrafélagsins áherslu á að stofnun deildarinnar fylgi fjármagn til að stækka og betrubæta húsnæði skólans en húsakostur er nú þegar þröngur.

Virðingarfyllst,



f.h. stjórnar Foreldrafélags Réttarholtsskóla  
Gizur Bergsteinsson formaður